

## Líf &amp; fjör


## Rax Rinnekangas

Ljósmyndasýning á verkum Finnans Rax Rinnekangas verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, laugardaginn 9. júlí. Rax hefur í tuttugu ár helgað myndir sínar stöðum og fólki sem ekki eru alla jafna miðpunktur fréttu og fréttaljósmýnda. Viðfangsefni hans eru jaðarsvæði Evrópu, meðal fólks sem býr utan þeirrar hröðu þróunar, sem einkennt hefur gamla meginlandið hin síðari ár. Hann hefur einnig tekið myndir á Íslandi, ekki af náttúrufergudönni heldur einfaldleika hennar og fólksins. Sýningin ber yfirskriftina Spiritus Europaeus og hluti af verkefnum menningarborga Reykjavíkur og Helsinkis.



## Hallgrímur allsstaðar

Hallgrímur Helgason og verk hans ferðast um landsbyggðina í sumar, þar sem hann opnar sýningu á teiknimyndum sínum í Stunkaríki á Ísafirði á morgun, laugardaginn 8. júlí klukkan 16. Myndirnar fjalla um hið vel tennta og tragikómiska sjálf listamannsins, GRIM, og ber myndröðin heitið *Enn fleiri Grim ævintýri*. Sitt hvoru megin við opnunina, eða á föstudagskvöld klukkan 20.30 og á sunnudaginn klukkan 17, verða sýningar á *Púsunda eyja sósnunni* hinu megin á landinu, í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði. Ævintýramaður í íslensku viðskiptalífi, eina persóna verkensins, er leikin af grín-gúrunum Stefáni Karli Stefánssyni, sem var stýrt af Magnúsi Geir Þórðarsyni leikhússtjóra. Sjálfur ætlar Hallgrímur að vera fyrir vestan.



lensku viðskiptalífi, eina persóna verkensins, er leikin af grín-gúrunum Stefáni Karli Stefánssyni, sem var stýrt af Magnúsi Geir Þórðarsyni leikhússtjóra. Sjálfur ætlar Hallgrímur að vera fyrir vestan.

## Púkalegir gúmmískór

Texti: Ein af afmælishegum Útivistar í sumar verður í Básum í Þórsmörkum dagana 7. til 9. júlí. Félagið er 25 ára á árinu og hefur þegar haldið upp á það tvisvar, en nú er ætlunin að leggja áherslu á þjóðlegan skemmtan og sanna smalastemningu. Gestir á gúmmískóm og í þykkum ullarpeysum verða boðnir sérstaklega velkomnir enda hápunktur helgarinnar afhending verðlauna fyrir púkalegustu skóna við varðeld í Básum á laugardagskvöldið. Gestir eru einnig hvattir til að mæta með hljóðfæri og reyna að næla í verðlaun fyrir frumlegasta strengjahljóðfærið. Á milli skemmtana verður boðið í fjölbreyttar gönguferðir með fararstjóra. Fimmvörðuhálsferðir verða einnig í boði, líkt og aðrar helgar. Nánari upplýsingar í síma 561 4330.

Dagskrá Listasumars  
7. til 14. júlí

\*7. júlí í Deiglu kl. 20.30. Bókmenntavaka. Ljóðadagskrá um Heiðrek Guðmundsson og Rósberg G. Snædal. Aðgangur ókeypis.

\*7. júlí kl. 20.00 í Gallerí +, í Brekkugötu 35, opnar myndlistarsýning Guðrúnar Pálfu Guðmundsdóttur. Sýningin stendur til og með 16. júlí.

\*8. júlí kl. 15.00 í Kompunni í Listagili opnar Níels Hafstein myndlistarsýningu. Sýningin er opin alla daga nema sunnu- og mánudaga frá kl. 14.00-17.00.

\*8. júlí kl. 16.00 í Ketilhúsinu, neðri hæð, opnar myndlistarsýning Joseph Kurhajec sem sýnir einþrykksmyndir þar sem hann notar m.a. slönguskinn. Hann er skúlptúristi, starfandi og búsettur í París.

\*8. júlí kl. 22.00 í Deiglu kl. 22.00 í Deiglu kl. 22.00. Kvöldskemmtun, 200 000 naglbítar og gestir. Aðgangseyrir 1000 kr.

\*9. júlí kl. 17.00 í Akureyrarkirkju. Sumartónleikar. Gradualekór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar. Aðgangur ókeypis.

\*11. júlí kl. 20.00 í Deiglu kl. 20.00 í Deiglu kl. 20.00. Fagurtónleikar. Kristjana Arngrímsdóttir syngur við undirleik Daníels Þorsteinssonar og Jóns Rafnssonar.

\*13. júlí kl. 21.30 í Deiglu kl. 21.30 í Deiglu kl. 21.30. Tuborg jazz. Heitur fimmtudagur. Jazzkvartettinn Blanda. Stefán Ingólfsson bassi, Benedikt Brynleifsson trommur, Kjartan Valdimarsson píanó og Ómar Einarsson gítar.

\*14. júlí kl. 21.30 í Deiglu kl. 21.30 í Deiglu kl. 21.30. Dagskrá um Einar Benediktsson, í ljóðum og lausu máli. Guðjón Friðriksson, Erlingur Sigurðarson og fleiri.

## HVAD ER Á SEYÐI?

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

fimmtudaginn 13. júlí klukkan 22.

## SJÓNLISTIR

Gestur Þorgrímsson

Sýningum á verkum Gestis Þorgrímssonar höggmyndalistamanns verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 9. júlí. Gestur er einn af fáum íslenskum listamönnum sem vinnur verk samfelld í marmara, granít og gabbró.

## Elina í i8

Finnski ljósmyndarinn Elina Brotherus sýnir í Gallerí i8, Ingólfsstræti 8. Sýningin stendur til 8. ágúst.

## Ása í ASÍ

Ása Ólafsdóttir opnar sýningu á olíumálverkum og myndvefnaði í Listasafni ASÍ við Freyjugötu laugardaginn 8. júlí klukkan 16. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá 14 til 18 fram til 30. júlí.

## DANSLIST

Kaffileikhúsið

Titty Kronquist frá Finnlandi sýnir Nucleus í Kaffileikhúsinu og dansflokkurinn Lipurtré tekur til hendinni í porti Hlaðvarpans föstudagskvöldið 7. júlí. Á eftir sýningunni tekur Kúran komapnir Szymon Kuran við og leikur jassstendara og klassískar perlar í bland við eigin tónsmíðar.

## TÓNLIST

Stomp

Stomp - alþjóðlegur hópur listamanna sýnir í Háskólabíói í kvöld klukkan 20.30 og laugardag og sunnudag klukkan 15 og 20.30.

## Harmónikkuhátíð

Harmónikkuhátíð með alþjóðlegu yfirbragði verður haldin á ýmsum stöðum í Reykjavík, frá miðbæ að Reynisvatni, dagana 14. júlí til 16. júlí. Tónleikar í Grafarvogskirkju klukkan 16 og í Norræna húsinu föstudaginn 14. júlí klukkan 16.

## Sumarkvöld við orgelið

Hakan Wikman organisti frá Helsinkis leikur á tónleikum Listvinafélgs Hallgrímskirkju sunnudagskvöldið 9. júlí klukkan 20 í Hallgrímskirkju.

## Finnar í Norræna

Mika Orava píanóleikari og Mika Ryhta klarinettuleikari flytja verk eftir Jón Nordal, Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Þórarinnsson, Þórólf Eiríksson og finnsku tónskáldin Leevi Madetoja, Tauno Pytkanen, Bernhard Crusell og Erik Bergman á tónleikum í Norræna húsinu

## OG ALLT HITT....

Forskot á sæluna

Jóna Einarsdóttir harmonikkuleikarar, hópur fólks úr Listverskmiðju og félagar úr hljómsveitini Emblu gefa fors kot á menningarhátíðarsælu mánaðarins í Kringlunni laugardaginn 8. júlí klukkan 14.

## BRAGI í Ráðhúsinu

Kynnt verða námskeið á vegum Námsflokka Reykjavíkur, Humboldt háskóla í Berlín, Ljósmyndaafns Reykjavíkur og annarra aðila í Ráðhúsi Reykjavíkur sunnudaginn 9. júlí klukkan 15. Námskeiðin hefjast á mánudag.

## PATH í Hinu húsinu

Samtökin Pallas Athena hefja ráðstefnu í Hinu húsinu sem stendur til 17. júlí með þátttöku 200 ungmenna frá öllum löndum Evrópu. Miðvikudaginn 12. júlí bjóða samtökin upp á svifflug með Svifflugfélagi Íslands á Sandskeiði klukkan 18. Skráning í síma 551 5353. Fimmtudaginn 13. júlí verða samtökin á Helli og á fösttag standa þau fyrir götugleði með Jagúar á Lækjartorgi við Ástró.

## Bú 2000

Landbúnaðarsýningin Bú 2000 stendur nú yfir í Laugardalshöll. Þarna er hægt að fá allt að vita um íslenskan landbúnað. Rannsóknir, menntun, nýsköpun og þróunarstarf verða kynnt og boðið upp á fjölbreytta dagskrá með götulistamönnum, hagyrðingum og smalahundum. Sýningin er opin til sunnudagsins 9. júlí frá klukkan 10 til 18.

## Ganga í Elliðaárdal

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gengst fyrir göngu eftir nýlögðum fræðslustíg í Elliðaárdal laugardaginn 8. júlí klukkan 14. Lagt verður af stað frá Minjasafni Orkuveitu Reykjavíkur. Gangan tekur hálfu aðra klukkustund. Boðið verður upp á hressingu að henni lokinni.

## Gaukur á Stöng

Land og sýnir skemmta á Gauki á Stöng við Tryggvagötu, föstudagskvöldið 7. júlí. Á laugardaginn mætir Euro-kóngurinn Öggi með eigin hljómsveit á Gaukinn og þriðjudaginn verður Saggi Jóns textahöfundur með dagskrá eftir eigin höfði tilefni stórafmælis. Jagúar hefja rúntinn sinn um landið á Gauknum á miðvikudagskvöld.

## Blái Engillinn

Diskótekarinn Skugga Baldur kemur aftur til höfuðborgarinnar eftir túr um landið og treður upp á Bláa englinum

við Austurstræti föstudagskvöldið 7. júlí. Vinsælustu lög síðustu áratuga leikin.

## LANDSBYGGÐIN

## FRÓÐLEIKUR

Eldgos í Vatnajökli

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur við Raunvísindadeild Háskóla Íslands flytur erindi í máli og myndum, sem hann nefnir „Eldgos í Vatnajökli - Lykill að eldvirkni ísaldar“ á jöklasýningunni í Sindrabæ á Höfn í Hornafirði, þriðjudagskvöldið 11. júlí klukkan 20.

## TÓNLIST

Cortes á Seyðisfirði

Garðar Thor Cortes tenór heldur tónleika ásamt Krystynu Cortes píanóleikara á Seyðisfirði þriðjudaginn 12. júlí klukkan 20.30. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Bláa kirkjan.

## OG ALLT HITT...

VAX á Hornafirði

Húshljómsveit Ormsins-club á Egilsstöðum, Vax spilar á Víkinni Hornafirði, föstudags- og laugardagskvöld.

## PATH á Helli

Samtökin PATH - EYWD, sem verða formlega stofnuð á ráðstefnu í Reykjavík dagana 10. til 17. júlí hittast á Helli laugardaginn 8. júlí klukkan 10. Í samtökunum eru fulltrúar allra landa Evrópu sem ræða muna um forvarnir og málefni varðandi ungt fólk almennt.

## Búðir í Hópi

Búðir í Hópi stíla upp á unga fólkið í kvöld með tónleikum Reflex, DjTonik og Blygðun á undan dansiballi með hljómsveitunum Strefni og Sóldögg. Á laugardaginn verður frítt í sund, þar sem Ímyndun verður með sundlauga "sjó" og kareokeá sviðinu. Lambaveisla við Búðirnar, þar sem handverksfólk er að störfum. Kvölddagskráin hefst með tónleikum Túpílaka klukkan 20.30, en síðan tekur Helga Braga Jónsdóttir við og flytur gamanmál. Þá leikur Gildran nokkur lög og Sorin Lazar ásamt Ellerti Jóhannssyni skemmta, en þau standa síðan fyrir balli í Ólafshúsi.

Á sunnudaginn hefst dorgkeppni við bryggjuna klukkan 13. Grillað við Búðirnar, þar sem börnin komast í renni-braut, trampólín og fleiri leiktæki. Íslenskir víkingar æfa bardaga á svæðinu og sveitin Rimmugýgur heldur sýningar klukkan 14, 16 og 18. Helgistund klukkan 15 og síðan flytur Gróinn Grámóinn söngdagskrá sem verður endurtekin klukkan 18.30. Skyldingakeppni barna frá 17 til 18 en fljótleiga eftir hana

Undur og stórmerkli...



www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR